



LABBI

4. tölublað

38. árgangur

2004

Andartök Ritstjórnar

Jæja nú er komið að endalokum þessa frábæra vormóts og vill ritstjórn Labba ásamt mótstjórn þakka kælega fyrir góða helgi og vonumst til að sjá ykkur öll of fleiri til á næsta vormóti. Við skemmtum okkur virkilega vel við gerð blaðsins og vonum að þið hafið líka haft gaman af lestrinum.



Flest ykkar hafið eflaust tekið eftir því að blaðið er á öðru formi en áður og hefur verið hengt upp en ekki dreift á alla. Þetta var meðal annars gert til að minka rusl og sóun á mótinu. Þeir sem vilja nálgast blaðið geta fundið það á tölvutæku formi á Hraunbúavefnum í næstu viku. Einnig geta félögin látið mótstjórn vita hversu mörg eintök þau vilja, og munu þau verða afhent eftir mót.

Takk fyrir Labbakútar

Stjörnuspá

Spáin gildir fyrir 31. maí.



Vatnsberinn - 20. janúar - 18. Febrúar

Heppnin verður með þér í dag. Eftir hádegi mun Sporðdrekinn líklega hætta elta þig.



Fiskarnir - 19. febrúar - 20. mars

Í dag er þinn dagur. Biddu um óskalag hjá Mömmu þinni og dansaðu frá þér allt vit. Fáðu næsta mann með í dansinn.



Hrúturinn - 21. mars - 19. apríl

Er virkilega þörf á þessu? Þú veist þetta nú þegar S.F.Y.



Nautið - 20. apríl - 20. maí

Það mun rifjast upp fyrir þér gamalt sólskynsbros þrátt fyrir að það verði ekki sól.



Tvíburarnir - 21. maí - 20. júní

Það er allt eitthvað öfugsnið í dag. Þú ættir að ganga á höndum í dag til að jafna þetta út.



Krabbinn - 21. júní - 22. júlí

Varastu lækinn í dag. Hann er blautur.



Ljónið - 23. júlí - 22. ágúst

Þú verður ofsóttur af fiski sem reynir að fá þig til að dansa. Ekki láta bjóða þér þetta.



Meyjan - 23. ágúst - 22. september

Þar sem Júpíter er nú í fötu Vatnsberans skalt þú halda þig þar sem grasið grær. Það er aldrei að vita nema eitthvað gott muni henda þig þar sem þú ert glæsileg/ur.



Vogin - 23. september - 22. október

Vertu ekki svona góð/ur með þig. Þú ert ekkert betri en við hin.



Sporðrekinn - 23. október - 21. nóvember

Ef við tökum frá þér sporð verður eftir Drekin. Þú ert þá kominn í hóp hinna ótrúlegu sterku og yndislegu Dreka en munt þó aldrei vera sannur.



Bogmaðurinn - 22. nóvember - 21. desember

Þú ert alveg ljónheppinn. Spáðin náði bara ekki yfir allt land þannig að ekki sást af hverju þú varst heppinn.



Steingeitin - 22. desember - 19. janúar

Ef þú ert að lesa þessa stjörnuspa í dag þá er mjög líklegt að fyrri spár hafi eitthvað klikkað. Það verður að teljast ótrúlegt.

Kaldar kveðjur og sjóðheitar fréttir

Þetta er búið að vera geðveikt gaman á Hraunbúamótinu Marr.

Við erum búin að skemmta okkur mjög vel vel en vatnasafarið stóð fram úr öllu.


Fossbúar



Asterix-leikarnir

Hinir árlegu Asterix-leikar, sem verið hafa á mótinu síðan Jósef man eftir sér, verða haldnir í dag. Sveitirnar á mótinu munu keppa í hinum ýmsu íþróttagreinum og verður mikill hasar.

Hápunktur mótsins verður að venju hinn árlegi knattspyrnuleikur milli dróttskáta og björgunarsveitarmanna. Búið ykkur undir æsilegasta fótboldaleik ársins. Aumingjum á borð við og Beckham og Eið Smára verður ekki boðið að taka þátt því að þeir hafa ekkert i hetjur eins og Ásgeir, Kolla og féлага.



Jónki Spæ

Hrun Haugsveldisins

10. þáttur

Jónki fór þá á stúfana í Reykjavíkinni. Það var svart. Sökum þessa var Jónki að verða þó nokkuð svartsýnn. Hvar átti hann að finna Haugana? Þegar hann var þarna á gangi verður hann var við mann sem er eitthvað að malla við Haugsstræti 10. Þegar hann sá manninn áttaði Jónki sig strax á því hvað þarna var á seyði eins og seyðandi silungsseyði á seyðasafni í Seyðisfirði. Jónki hafði einmitt kynnst þessum einstaklingum áður en það er svo langt síðan að ekki einu sinni Jósef man eftir því. Hann man ekki einu sinni eftir að hafa gleymt því.

11. þáttur

Jónki ákvað á sömu stundu að skella sér inn fyrir á Haugsstræti 10. Hann sá að kjallaraglugginn var opinn og skreið að hluta til inn. Þar sem Jónki var svolítið breiður um mittið stóðu lappirnar á honum út um gluggann. Hvað gat hann gert, spriklandi þarna eins og þorskur sem er fastur í neti og getur sig hvergi hreyft? En þá skipti engum togum að Jónki fann eitthvað hlýtt og loðið strjúkast við lappirnar á honum og varð Jónka svo hvert við að hann hrökk inn í kjallarann. Hann leit út og sá þá að gamla úldna samlokan hans hafði runnið úr buxnavasa hans. Þá hugsaði Jónki með sér: Já, mjólk er góð.

12. þáttur

Þarna í svartamykrinu sá Jónki ekki neitt, enda var allt svart. Jónka datt þá hið ótrúlega snjallræði í hug að kveikja ljósið og þá varð ljós. Hann sá hurð og tók að hlera. Fyrir innan hana heyrði hann raddir, sumar kunnulegar en hann gat þó ekki alveg komið þeim fyrir sig. Einnig heyrði hann einhver furðuleg hljóð innan úr kjallaranum. Jónki fór að íhuga hvort það gæti verið reimt í kjallaranum eða hvort það væri reimað. Hann velti þessu mjög fyrir sér: Ekki segir maður: Ég hef reimt skóna mína???????

13. þáttur

Jónki leit inn um skráargatið á hurðinni og sá þar ýmis kunnuleg andlit. Þarna sá hann aðila eins og Davidoff, Birgistan, Andapabbski og Jósefalin. Jónki vissi að Jósef myndi ekkert muna eftir honum. Hann lagði betur við hlustir og heyrði að þarna var verið að plotta heimsyfirráð. Jónki tók upp litlu skammbyssuna sína og handjárnin sem hann hafði keypt í Kolaportinu. Jónki sparkaði upp hurðinni og réðst til inngöngu. Jósefalin fór um leið að reyna að muna hvar hann hefði séð þennan mann sem kom þarna stormandi inn með ótrúlegum látum.

14. þáttur

Jósef mundi ekki neitt. Andapabbski fór um leið í fósturstellinguna og saug þumalfingurinn. Birgistan lét sig hverfa enda ótrúlega léttur í spori og Davidoff faldi sig inni í ísskáp. Jónki var fljótur að yfirbuga Jósefalin, eða Jósefalin Storki eins og hann heitir réttu nafni.

Andapabbski Smolovski var einnig yfirbugaður með litlum leik. Jónki fór og leit inn í ísskáp. Davidoff var farinn. Davidoff þessi hét Davidoff Twotimes Kornelíus. Hann var líklega höfuðpaurinn í þessu máli öllu saman. Birgistan þessi hét Birgistan Prettyboy Korlovski. Allir þessir aðilar voru frá Langtúbertistan, sem er eitt af fyrrum ríkjum Sovétríkjanna.

15. þáttur

Jónki sá að hann varð að kalla eftir liðsauka og gerði það. Liðsaukinn kom ekki. Jónki fór á tveimur jafnljótum á eftir Birgistan og Davidoff. Birgistan var farinn að þreytast enda ekki mikill langhlaupari. Birgistan snérist til varnar og réðst til atlögu að Jónka. Jónki, margfaldur Íslandsmeistari í Jurtate og Karatemeistari Íslands í Júdo, var ekki lengi að snúa Birgistan niður og járna hann með gömlum vírklippum sem hann fann þarna út á túni 33 metra frá Haugsstræti 10.

16. þáttur

Þegar Jónki var nýbúinn að járna Birgistan fær hann alltíeinu bylmingshögg í öxlina. Hann hrekkur við. Davidoff hafði þarna komið út úr skápnum og ráðist til atlögu að Jónka.

17. þáttur

Slagsmál.

18. þáttur

Slagsmál ennþá

19. þáttur

Enn slagsmál. En nú skulum við aðeins lýsa því sem þarna gerist. Jónki með hægri krók og Davidoff svarar með stungu. Jónki kom þá með glæpsamlegan vinstri hælkrók þannig að Davidoff snérist á hæl. Davidoff svaraði með því að klípa í lærið á Jónka. Jónki emjaði. Jónki tók á það ráð að snúa upp á hægri stóru tá á Davidoff. Davidoff engdist um af sársauka.

20. þáttur

Þegar hér er komið sögu hefur Jónki yfirbugað vondu mennina og Haugstræðið er krökkt af lögregluþjónum í hvítum hátíðarbúningum. Jónki, eftir erfiðan vinnudag sér ekki fram á annað en að kveikja sér í einum skoteldi til fagnaðar. Að því loknu heldur hetjan okkar allra heim í kot sitt, en Jónki lifði hamingjusamur til æviloka með hafmeyjunni sem hann giftist stuttu síðar.

Endir

Allar persónur í sögunni er skáldskapur og ber ekki að taka alvarlega.

Karlrembuhornið

Af hverju er betra að vera karl en kona? Auðvelt.

- "Konur hafa völdin" því karlmenn (sem hafa völdin) leyfa þeim að halda að þær hafi völdin.

- Karlmenn geta farið einir á klósettið.

- Buxur eru þægilegastar.

- Bleikur er væminn og ógeðslegur litur.

- Körlum verður ekki kalt í andlitinu.

- Karlar þurfa ekki að eyða endalausum peningum í föt og snyrtivörur.

- Karlar eru betri. Eingar útskýringar þarfar.

- Karlmenn verða ekki hundleiðinlegir einu sinni í mánuði



Kvenrembuhornið

Af hverju er betra að vera kona en karlmaður? Þessari spurningu er ekki vandsvarað.

- Konur hafa völdin, fegurðin veitir völdin.

- Konur geta farið margar saman á klósettið án þess að það sé litið hornauga.

- Konur geta klæðst pilsu, buxum og kjól á meðan karlar geta bara verið í buxum án þess að það sé furðulegt. (Skotar eru undantekning í þessu tilviki.)

- Konur geta klæðst bleiku.

- Konur hafa ekki skegg.

- Konur þurfa ekki að eyða endalausum peningum í bíla til að sanna kvenleika sinn.

- Konur eru betri, og þessvegna er betra að vera kona en karl, því þá ertu betri.

Dr. Móri

Spurning:

Mér finnst útvarpið herna leiðinlegt. Hvað á ég að gera í því?

Svar:

Þú ert ruddaleg týpa. Með vonlausan tónlistarsmekk.

Dr.Móri



...:Slúddi:...

Heyrst hefur...

Að strákarnir í mótssjórn hafi farið í "naglakepni"...

Að Helgi Árbúi geti ekki keypt eldspítur...

Að pylsur með öllu séu ekki cool lengur, heldur BBQ og osti...

Að Jón sé kominn...

Að það sé gúrkutíð í blaðamensku...

Að Jón Þór hitti ekki naglann á höfuðið...

Að Beggi sé slæmur sigurvegari...

Að aðal foringjann vanti.....

Að við höfum feitaforingjann samt...

Að Rósa sé á svæðinu... Varúð...